

Málsnúmer: 2312003

Til: Stjórnarráð Íslands - Matvælaráðuneyti

Frá: Sigríði Ingvarsdóttur, bæjarstjóra Fjallabyggðar

Dags.: 11. 03. 2024

Efni: Beiðni um endurskoðaða afstöðu Matvælaráðuneytis varðandi sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023/2024

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti á 240. fundi sínum sem haldinn var 8. mars 2024 eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu að sérreglum um byggðakvóta með 7 atkvæðum.

Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að senda ráðuneytinu eftirfarandi ósk um breytingu á sérreglum Fjallabyggðar í reglugerð 852/2023 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023-2024.

a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa í sveitarfélaginu þeim afla sem telja á til byggðakvóta sveitarfélagsins og til vinnslu á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.



Sigríði Ingvarsdóttir, bæjarstjóri Fjallabyggðar